



Hlíðarfótur í Svínadal, Strandarhreppur.  
Sýnataka og fyrstu niðurstöður  
efnagreininga

**Magnús Ólafsson**

**Greinargerð MÓ-92-04**

**HLÍÐARFÓTUR Í SVÍNADAL**  
**Strandarhreppur**  
Sýnataka og fyrstu niðurstöður efnagreininga

Þann 6. febrúar síðastliðinn var tekið sýni af köldu vatni úr uppsprettu í landi bæjarins Hlíðarfótur í Strandahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Sýnið var tekið úr einni af mörgum uppsprettum sem koma fram undan framhlaupi í gili við Súluá. Í greinargerð Orkustofnunar (SPS-86/01) er þessum lindum líst lauslega og þá var áætlað að vatnsmagn í þeim væri um 15 l/s.

Sýnið var tekið úr einni af innstu uppsprettunni á lindasvæðinu, þar sem vatnið fossaði fram undan stórum kletti. Vatnsmagn var mælt í þessari ákveðnu uppsprettu og reyndist það vera um 2 l/s og með samanburði við aðrar uppsprettur á svæðinu var heildarvatnsmagn lindasvæðisins áætlað amk. 20 l/s. Erfitt er þó að meta vatnsmagnið þar sem vatnið fellur bratt niður í Súlu. Hiti í lindum reyndist vera 3,5 til 3,8°C.

Lokið er efnagreiningu nokkurra efna og eru niðurstöður sýndar í töflu 1.

*Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)*

Staður	Hlíðarfótur
Númer	Uppspretta 92-9004
Hiti (°C)	3,7
Rennsli (l/s)	≈2
Leiðni (μS/cm)	68,4
Súrefni (O <sub>2</sub> )	9
Sýrustig/°C	8,0/21
Karbonsnat (CO <sub>2</sub> )	≈23
Brennist.vetni (H <sub>2</sub> S)	<0,03
Natríum (Na)	6,7
Kalíum (K)	0,06
Kalsíum (Ca)	6,2
Magnesíum (Mg)	1,2
Klóríð (Cl)	7,3
Brómíð (Br)	0,03
Súlfat (SO <sub>4</sub> )	1,7
Nítrat (NO <sub>3</sub> )	0,25

Ekki er alveg ljóst hvenær endanleg efnagreining sýnisins liggur fyrir, en strax og svo verður munum við senda allar niðurstöður.

Magnús Ólafsson

